

Ed.

273. Nefndarálit

[121. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Efni frv. er að skila aftur nokkrum hluta af þeirri hækkun aðflutningsgjalda, sem fylgir í kjölfar gengisbreytingarinnar síðustu. Þegar nokkrar ráðstafanir vegna gengisfellingarinnar voru til meðferðar á Alþingi í nóvembermánuði s. l., var af ríkisstjórnarinnar hálfu gert ráð fyrir því, að um það bil 250 millj. kr. af þeim tekjuauka, sem yrði hjá ríkissjóði, skyldi varið til lækkunar á innflutnings-tollum og á þann hátt dregið úr áhrifum gengislækkunarinnar á lífskjörin í landinu.

Þá var af öllum talið sjálfsagt, að nú, eins og jafnan áður í slíkum tilvikum, væru ýmsar hliðarráðstafanir óhjákvæmilegar í því skyni.

Þá voru sérfræðingar ríkisstjórnarinnar nýbúnir að reikna út, hver gengisbreytingin þyrfti að vera til endurreisnar atvinnuveganna, nákvæmar en nokkru sinni fyrr að eigin sögn. Útkoma þeirra var sú, að hægt yrði að fella niður allar útflutningsuppbætur af fjárlögum og minnka jafnframt tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum um 250 millj. króna.

Nú kveður við annan tón. Nú getur tollalækkunin ekki orðið 250 millj. kr., heldur er hér gert ráð fyrir lækkun, sem nemur 159 millj. kr. Og nú er ekki einu sinni lengur hægt að taka þessa fjárhæð af tekjuafgangi ríkissjóðs, heldur verður að gera sérstakar tekjuöflunarráðstafanir til að mæta lækkuninni, eins og í athugasemdum með frumvarpinu segir.

Reikningsskekkja ríkisstjórnarinnar er því sú, eftir því sem nú er upplýst, að í stað þess, að fyrir hendi sé fjármagn til að fella niður 250 millj. kr. tolltekjur, verður að gera sérstakar „tekjuöflunarráðstafanir“ til að mæta umræddum 159 millj. kr., og vantar þó að sögn fjármálaráðherra enn 50 millj. kr., til að endarnir nái saman. Þannig munar um það bil 460 millj. kr. á útkomu ríkissjóðs frá því, sem ríkisstjórnin áætlaði fyrir tveim mánuðum.

Til að standa undir tollalækkunum þeim, er í frumvarpinu felast, hefur verð á áfengi og tóbaki verið hækkað, og er tekjuaukinn af því áætlaður 50 millj. kr. Mis-muninum á að ná með því að draga úr útgjöldum ríkisins á árinu 1968 um 100 millj. kr. frá því, sem þau voru ákveðin í fjárlögum í desembermánuði síðastliðnum.

Þrátt fyrir talsverða eftirgangsmuni hafa ekki fengið nánari skýringar á því, hvaða liðir fjárlaga það eru, sem í þessu skyni eiga að lækka. Það er skoðun okkar undirritaðra, að raunar sé tæpast gerlegt fyrir alþingismenn að samþykkja slíka breytingu á nýafgreiddum fjárlögum, án þess að hafa nokkra hugmynd um það, hvaða starfsemi það er, sem fórna skal, og ekkert liggur fyrir, sem tryggi það, að síðari villan verði ekki verri hinni fyrri.

En þrátt fyrir þessi mjög svo hægju vinnubrögð teljum við undirritaðir þessa tollalækkun þó svo brýnt hagsmunamál almennings í landinu, að við leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt, í trausti þess, að umrædd endurskoðun fjárlaga lúti fyrst og fremst að auknum sparnaði og ráðdeild í ríkisrekstrinum sjálfum.

Þegar tollskrá hefur verið til meðferðar á Alþingi á undanförunum árum, hafa tillögur um breytingar og lagfæringar verið lagðar fram af þingmönnum stjórnarandstöðunnar, sem vissulega væri ástæða til að taka upp einnig nú.

Það munum við þó ekki gera, til þess að tefja ekki afgreiðslu þessa máls og með því líka, að því hefur verið lýst yfir af ríkisstjórnarinnar hálfu skýrt og skorinort, að allar slíkar tillögur mundu verða felldar.

Við flytjum ásamt öðrum fjárhagsnefndarmönnum nokkrar breytingartillögur á sérstöku þingskjali og er þar nánast um augljósar lagfæringar að ræða.

Samkvæmt framansögðu leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt, en munum að öðru leyti gera nánari grein fyrir afstöðu okkar við umræðu um málið hér í deildinni.

Alþingi, 12. febr. 1968.

Einar Ágústsson,
frsm.

Bjarni Guðbjörnsson.

Hjalti Haraldsson.